

Fjögur lög úr Stykkishólmi eru tileinkuð Hönnu Dóru Sturludóttur sem frumflutti þau ásamt höfundi 9. ágúst 2018 í Stykkishólmskirkju. Um er að ræða útsetningar á þjóðlögum sem varðveitt eru hljóðrituð í Árnastofnun og aðgengileg á netinu á slóðinni ismus.is.

Heimildarmenn laganna eru systurnar *Dagbjört* (1906-2002) og *Kristín* (1910-1986) *Nielsdætur* frá Sellátri í Breiðafirði sem báðar bjuggu í Stykkishólmi drjúgan hluta ævi sinnar og enduðu daga sína þar.